

Hafnarfjarðarbær  
b/t Berglind Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 8. ágúst 2019  
UST201907-019/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing – Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna breytinga á sveitarfélagsmörkum og deiliskipulag fyrir Leiðarenda**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalsskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 og vegna nýs deiliskipulags fyrir afþreyingar – og ferðamannasvæði í kringum hellinn Leiðarenda sem er innan Reykjanesfólkvangs.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu fellst í því að sveitarfélagsmörk og þar með skipulagsmörk aðalskipulagsins breytast að þann hátt að 2.966 ha svæði verður innan Hafnarfjarðarkaupstaðar, en svæðið var áður innan Grindavíkur.

Auk þess kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins verður m.a. að útfæra bílastæði og þjónustubyggingu með salernum og mögulega aðstöðu fyrir starfsmenn.

### **Leiðarendi - Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna sem hafa heimsótt hellinn Leiðarenda hefur aukist undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarástaða, og umfang göngustíga.

### Stjórnunar- og verndaráætlun Reykjanefolkvangs

Umhverfisstofnun hefur unnið að forgangsröðun fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir svæði sem þegar eru friðlýst og bendir stofnunin á að Reykjanefolkvangur er í fyrsta forgangsflokk. Markmiðið með stjórnunar- og verndaráætlunum er að marka stefnu fyrir svæðin um hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



René Biasone  
sérfræðingur